



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

**Grímur Björnsson
Benedikt Steingrímsson**

HITALÍKAN AF REYKJASVÆÐUNUM Í MOSFELLSBÆ

Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-95016/JHD-02

Reykjavík, mars 1995



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 710 008

**Grímur Björnsson
Benedikt Steingrímsson**

HITALÍKAN AF REYKJASVÆÐUNUM Í MOSFELLSBÆ

Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-95016/JHD-02

Reykjavík, mars 1995

ISBN 9979-827-55-6

ÁGRIP

Nú eru liðin rúm 50 ár frá því að Hitaveita Reykjavíkur hóf vatnsvinnslu úr Reykjasvæðum í Mosfellsbæ. Jarðhitaboranir hófust árið 1933 og síðan hafa verið boraðar samtals 108 holur í Reykjasvæðin. Í þessari skýrslu er lýst gerð berghitaferla í holunum 108 auk tæplega 70 borholna í nágrenni þeirra. Samtals er um að ræða 109 boraða kilómetra og spanna þeir 14 % af öllum boruðum metrum hérlandis. Dýpsta holan er 2043 m djúp og meðaldýpi holnanna er rúmir 600 m. Alls voru skoðaðar 699 hitamælingar í þessum holum.

Meðaltal hita í 26 grunnum holum í Reykjahlíð annars vegar og í 43 holum á Suður-Reykjum hins vegar, sýna að hitaástand efstu 500 m jarðar á þessum tveimur svæðum var nánast eins fyrir 40-50 árum. Öðru máli gegnir um djúpar holur. Þar kemur í ljós að berghiti neðan 700 m dýpis er að meðaltali 5-10 °C hærri í Reykjahlíð en á Suður-Reykjum. Þá er almennt einkenni berghitans í djúpu holunum að hann er viðsnúinn, þ.e. hitahámark sést á 300-700 m dýpi, síðan fer hiti lækkandi niður undir 2000 m að hann hækkar á ný. Hugsanlega hækkar hitinn neðan 2000 m dýpis vegna minnkandi lektar.

Skoðun berghitans í 16ðréttum sniðum og láréttum flötum leiðir í ljós eftirfarandi líkan af streymi vatns í Reykjasvæðunum: Hitasvæði teygja sig einkum í NA-SV stefnu og fylgja þannig stefnu sprungustykkið eldstöðvarinnar sem er kennd við Krísuvík/Trölladyngju. Meginaðstreymi vatns inn á Reykjasvæðin sýnist úr tveimur áttum. Annað er ættað úr norðaustri og veitir rúmlega 100 °C heitu vatni að holunum í Reykjahlíð. Hitt aðstreymið kemur sunnan að, líkast til úr vatnasviði Elliðaánnna. Það leggur af stað sem regnvatn í yfirborði, sígur niður á 1-2 km dýpi og hitnar svo ört á leið sinni inn á jarðhitasvæðið á Suður-Reykjum. Mest virðist hitnunin í haftinu milli Suður-Reykja og Hafravatns.

Heiti straumurinn úr norðaustri lyftir sér upp á u.p.b. 500 m dýpi norðan Reykjahlíðar, breiðist svo lárétt út á stóru svæði og leggst þannig yfir kaldari strauminn úr suðri. Skýrir það hitaviðsnúninginn í djúpu holunum. Neðan þessa lárétta og heita lags virðist öfugt samband milli hita og lektar, þ.e. hiti er lægstur þar sem lekt er best.

Þá virðist kalt vatnskerfi liggja í vesturjaðri sprungustykkið Krísuvík/Trölladyngju, samsíða Reykjasvæðunum. Kalda kerfið nær frá Bullaugum í suðri, um Úlfarsfell og a.m.k. norður til Leirvogsáar. Tilvist þessa kerfis verður að skoða sem tilgátu uns meir hefur verið borað í það. Milli kalda kerfisins og Reykjasvæðanna eru talin liggja þétt skil með NA-læga stefnu. Hugsanlega eru það berggangar á þessum slóðum sem mynda skilin.

Ætla má að flatarmál jarðhitakerfisins í Mosfellsbæ sé a.m.k. 10 km^2 , og er þá eingöngu miðað við það svæði þar sem berghiti er hærri en $90 \text{ }^\circ\text{C}$ á 1000 m dýpi undir sjávarmáli. Að sama skapi má ætla að rúmmál kerfisins sé a.m.k. 10 km^3 .

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	3
TÖFLUSKRÁ	6
MYNDASKRÁ	6
1. INNGANGUR	7
2. SAGA VINNSLU OG RANNSÓKNA Á REYKJASVÆÐUNUM	9
3. YFIRLIT UM BORHOLUR	11
4. ÁKVÖRDUN BERGHITA Í BORHOLUM	17
5. LÝSING BERGHITA Á REYKJASVÆÐUM	21
6. BERGHITI Í ÞVERSNIÐUM GEGNUM REYKJASVÆÐIN	25
7. HITADREIFING Á 200, 500 OG 1000 m UNDIR SJÁVARMÁLI	31
8. LÍKAN AÐ INNRI GERÐ JARDHITAKERFISINS Á REYKJASVÆÐUNUM	36
9. TENGING VINNLSLUSÖGU OG HUGMYNDALÍKANSINS AF REYKJASVÆÐUNUM	41
10. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA	43
11. HEIMILDIR	46
VIÐAUKI 1: Berghitaferlar í NR-holum	49
VIÐAUKI 2: Berghitaferlar í SR-holum	57
VIÐAUKI 3: Berghitaferlar í MG-holum	69
VIÐAUKI 4: Berghitaferlar í HS-holum	81
VIÐAUKI 5: Berghitaferlar í nágrannaholum Reykjassvæðanna	93
VIÐAUKI 6: Upplýsingar um borholur í Mosfellsbæ og nágrenni	103

TÖFLUSKRÁ

1. Upplýsingar um MG-borholur í Mosfellsbæ (í viðauka 6)	105
2. Upplýsingar um NR-borholur í Mosfellsbæ (í viðauka 6)	107
3. Upplýsingar um SR-borholur í Mosfellsbæ (í viðauka 6)	108
4. Upplýsingar um HS-borholur á höfuðborgarsvæðinu (í viðauka 6)	109
5. Upplýsingar um borholur í nágrenni Reykjasvæðanna (í viðauka 6)	110
6. Tölulegt yfirlit um borholur á Reykjasvæðunum og í nágrenni	12
7. Yfirlit um fjölda og lengd hitamælinga í borholum	17
8. Upplýsingar um skilyrðin sem beitt var við gerð hitasniðanna á mynd 12	25

MYNDASKRÁ

1. Helstu örmeini og staðsetning borholna í Mosfellssbæ og nágrenni	13
2. Staðsetning MG- og NR-holna á Norður-Reykjum	15
3. Staðsetning MG- og NR-holna í Helgadal	15
4. Staðsetning MG- og SR-holna á Suður-Reykjum	16
5. Dýptardreifing borholna í Mosfellsbæ og nágrenni	16
6. Formerki hitastiguls í hitamælingum holu MG-11	20
7. Berghiti í MG-holum á Suður-Reykjum	21
8. Berghiti í MG-holum í Reykjahlíð	22
9. Berghiti í SR-holum	23
10. Berghiti í NR-holum	23
11. Meðaltal berghita í MG-, NR- og SR-holum	24
12. Lega hitasnið gegnum jarðhitasvæðin á Reykjum	26
13. Hitaþversnið milli Svilaklappar og Hafravatns (lína 1)	27
14. Hitaþversnið frá Laxnesdýjum að Bullaugum (lína 2)	27
15. Hitaþversnið frá Geldinganesi að Helgadal (lína 3)	28
16. Hitaþversnið frá Kollafirði að Helgadal (lína 4)	29
17. Hitaþversnið frá Helgafelli að Húsdal (lína 5)	30
18. Jafnhitalínur berghita á 200 m dýpi undir sjávarmáli	33
19. Jafnhitalínur berghita á 500 m dýpi undir sjávarmáli	34
20. Jafnhitalínur berghita á 1000 m dýpi undir sjávarmáli	35
21. Hugmyndalíkan að streymi heits og kalds vatns í Mosfellsbæ	37
22. Vinnsluhiti í MG-holum. Sýnt er meðaltal vegið með vinnslunni	41

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er lýst úrvinnslu hitamælinga úr rúmlega 170 holum sem boraðar hafa verið í jarðhitasvæði Hitaveitu Reykjavíkur í Mosfellsbæ og í nágrenni þeirra. Tilgangur úrvinnslunnar var að ákvarða berghita í holunum og í framhaldi af því að gera hitalíkan af jarðhitakerfunum.

Aðdraganda þessa verks má rekja til þess að Orkustofnun tölvuvæddi hitamælingasafn sitt með Oracle gagnagrunni á árunum 1988-1990. Gagnasafnið olli byttingu í meðhöndlun hitamælinga. Nú mátti kalla fram á augabragði allar hitamælingar sem gerðar höfðu verið í einni borholu þar sem áður þurfti klukkutíma í að fletta í möppum og spryrja þá menn sem unnu við borholumælingar á sínum tíma. Því vaknaði áhugi á því, bæði á Orkustofnun og hjá Hitaveitu Reykjavíkur, að unnið yrði berghitalíkan af jarðhitasvæðunum í Mosfellsbæ þar sem örugglega yrði stuðst við allar tiltækjar hitamælingar og allar borholur. Upphaflega var miðað við að verkið yrði unnið á árinu 1992. Mun hægar gekk samt að vinna úr mælingunum en til stóð. Þannig gerði gagnagrunnurinn það að verkum að mun auðveldara var að skoða hita í holum utan Reykjasvæðanna. Það leiddi til þess að svæðið sem hitamatið nær yfir varð mun stærra en í til stóð í upphafi. Einnig stækkaði rannsóknarsvæðið á úrvinnslutímanum við að 20 nýjar hitastigulsholur voru boraðar á vegum Hitaveitu Reykjavíkur árin 1992-1994. Þessu til viðbótar var sett upp ArcInfo landupplýsingakerfi á Orkustofnun árið 1993 og keypt inn í það Landsat gervitungla-mynd af öllu Íslandi. Landmyndakerfið var óspart notað í verkinu við að teikna jafnhitalínur og ekki síður til að skoða holustaðsetningar. Skilaði það tölvutækum myndum með staðsetningu borholna á Reykjasvæðunum og í nágrenni, ásamt myndum af jafnhitalínum á nokkrum dýpum.

Hitalíkanið af jarðhitasvæðunum í Mosfellsbæ og nágrenni var unnið í fjórum áföngum. Í þeim fyrsta voru leitaðar uppi allar holur sem upplýsingar voru til um á Reykjasvæðum og í nágrenni og þær staðsettar í landskerfi (Lambert hnit). Því næst voru teiknaðar allar hitamælingar í hverri holu og á grunni þeirra gert berghitalíkan. Þegar slíkt berghitalíkan hafði verið gert fyrir allar holurnar í safninu voru því næst teiknuð nokkur hitapversnið og hitadreifing á 200, 500 og 1000 m undir sjávarmáli. Á grunni þessara mynda hvílir svo hugmyndalíkan að innri gerð jarðhitakerfisins í Mosfellsbæ. Fléttast þar inn í tilgátur um vesturjaðar jarðhitasvæðanna í Mosfellsbæ og eins áhrif sprungustykis Krísuvíkur á hitadreifinguna. Eins er skoðað hvernig hugmyndalíkanið samræmist vinnslusögu Reykjasvæðanna.

Ekki er hægt að ljúka innganginum án þess að útskýra þau heiti sem notuð verða í skýrslunni um jarðhitasvæðin í Mosfellsbæ. Ástæðan er sú að nokkur nöfn hafa verið notuð um þau og þarf ekki að fletta lengi í skýrslum og greinum um svæðin til að sannfærast um það. Í upphafi var hefðin sú að tala um jarðhitasvæðin að Suður-Reykjum og Norður-Reykjum a.m.k. fram yfir seinna stríð. Síðan hafa sést nöfn eins og Reykjadalur og Mosfellsdalur. Hitaveitan notar gjarnan nöfnin Reyki fyrir Suður-Reyki og Reykjahlíð fyrir Norður-Reykja. Tekur Hitaveitan þar mið af dælustöðvum sínum. Reyndar eru Suður-

Reykir oft nefndir Reykir í daglegu tali en strangt til tekið er það nafn ekki til sem bæjar-nafn í Mosfellsveit. Síðustu árin hefur svo sést uppskipting Norður-Reykjasvæðisins í Norður-Reyki og Helgadal. Hins vegar er athyglivert að ekki er til neitt eitt nafn yfir jarðhitasvæðin í heild sinni, heldur aðeins undirsvæðin. Munu höfundar skýrslunnar ekki bæta þar úr. Þó viljum við benda á að heitið Reykir blasir við sem samheiti fyrir allt svæðið. Á því er hins vegar sá hængur að Hitaveitan notar nú það nafn fyrir Suður-Reykjahlutann.

Eftir nokkrar vangaveltur um nafnahefðir var það niðurstaðan að eftirfarandi heiti yrðu notuð hér um jarðhitasvæðin í Mosfellsbæ. Svæðið í Reykjadal verður kennt við *Suður-Reyki*, en svæðið í Mosfellsdal við *Reykjahlíð*, að hefð Hitaveitu Reykjavíkur. Ekki teljum við tilefni til að kljúfa Suður-Reyki í undirsvæði, en Reykjahlíðinni skiptum við í *Norður-Reyki* (vesturhluti svæðisins) og *Helgadal*. Þegar fjallað er um jarðhitakerfið í heild sinni hér í skýrslunni er það oftast kallað *Reykjasvæðin* eða *Jarðhitasvæðin í Mosfellssbæ*.

2. SAGA VINNSLU OG RANNSÓKNA Á REYKJASVÆÐUNUM

Stofnun Hitaveitu Reykjavíkur má rekja til jarðborana sem hófust við Þvottalaugarnar í Laugardal árið 1928. Hitaveitan tók svo til starfa tveimur árum síðar. Til ráðstöfunar voru um 15 l/s af 93 °C vatni úr Laugardalnum. Þetta vatnsmagn nægði einungis til að hita upp lítinn hluta Reykjavíkur og var þá þegar farið að kanna möguleika á frekari borun og vinnslu jarðhita fyrir höfuðborgina. Helst var litið til jarðhitans í Mosfellsbæ, enda þótt hann væri í rúmlega 15 km fjarlægð frá borginni. Hveravirknin í Mosfellsbæ var margfalt meiri en í Laugardalnum. Er talið að í Reykjadal í Mosfellsbæ, aðallega í landi Suður-Reykja, hafi rennsli úr laugum numið 110 l/s. Hiti lauganna var nokkuð breytilegur, en var mestur um 83 °C. Laugar var einnig að finna í Mosfellsdal, í landi Norður-Reykja. Þar var rennsli úr laugum mun minna en í Reykjadal, eða um eða innan við 10 l/s. Hæstur hiti í laug var hins vegar áþekkur og á Suður-Reykjum eða 83 °C (Guðmundur Pálsson o.fl., 1985).

Hitaveita Reykjavíkur hóf jarðboranir á Suður-Reykjum árið 1933 og fjórtán árum síðar á Norður Reykjum. Á árunum fyrir stríð var hafist handa við að leggja heitavatnsæð frá Suður-Reykjum til höfuðborgarinnar og héldu framkvæmdir áfram þrátt fyrir heimstyrjöld og hernám landsins. Leiðsla, sem yfirleitt er nefnd Reykjaæð, var tekin í notkun haustið 1943. Eftir að boranir hófust á Norður-Reykjum var byggð dælustöð í Reykjahlíð og síðan lögð vatnsæð gegnum Skammaskarð og eftir Skammadal að dælustöðinni að Reykjum (Suður-Reykjum). Þar blandaðist vatn Reykjasvæðanna áður en því var dælt um Reykjaæðina til Reykjavíkur.

Fyrstu áratugina byggði vinnslan úr Reykjasvæðunum á sjálfrennsli úr borholum sem voru grynnri en 600 m. Náðist með borunum að auka sjálfrennslið á svæðinu úr þeim 120 l/s sem laugarnar gáfu í 360 l/s. Það magn fór svo minnkandi með tímanum. Þannig var talið árið 1970 að sjálfrennslið hefði minnkað í 300 l/s, sem skiptist í 220 l/s á Norður-Reykjum og 80 l/s á Suður-Reykjum (Porsteinn Thorsteinsson, 1975 og persónulegar upplýsingar 1995). Er athyglisvert að sjálfrennsli úr holum á Suður-Reykjum varð þannig heldur minna en upphaflegt rennsli úr laugunum þar, meðan að Norður-Reykjarennslíð varð margfalt á við upphaflega laugarennslíð þar.

Djúpboranir (>1 km) hófust í Mosfellssveit haustið 1959, en það var fyrst um og upp úr 1970 sem kraftur komst í borun djúpra og víðra borholna á Reykjasvæðunum. Hitaveitan virkjaði holurnar með djúpdælum. Hefur meðalvinnslan úr svæðunum síðan verið kringum 1000 l/s af 86°C heitu vatni. Mest hefur vinnslan orðið yfir 1700 l/s í jólavikunni 1988. Þessi feikna viinnsla sýnir best hversu öflug Reykjasvæðin eru í afköstum og eiga þau vart sinn líka í heiminum. Djúpdæling úr borholunum hefur leitt til þess að þrýstingur félí í jarðhitakerfinu, rennsli úr laugum og sjálfrennsli úr holum stöðvaðist, og vatnsbord seig niður á 50-100 m dýpi.

Reykjasvæðin eru hluti af formu háhitakerfi sem varð til við eldvirkni í Stardalseldstöðinni fyrir um 2 milljónum ára (Ingvar B. Friðleifsson, 1985). Þetta var geysistórt kerfi sem spennaði tugi ferkflómetra. Almenna landrekið ýtti síðan Stardalseldstöðinni vestur

úr gosbeltinu og þar með hægði á brotavirkni. Löngu síðar tók svo eldstöðvakerfið í Krísvík og Trölladyngju að myndast ásamt sprungustykki sem teygði sig allt norður í Mosfellsbæ og jafnvel upp í Kjós. Eldstöðvakerfið er a.m.k. 150 til 200 þúsund ára. Það gæti hafa framleitt kvíkuna sem gaus í Mosfelli og Sandfelli í Kjós fyrir 200-300 þúsund árum (Ingvar Birgir Friðleifsson og Kristján Sæmundsson, 1995, persónulegar upplýsingar). Allar líkur eru því á að brotin í sprungurein Krísvíkur og Trölladyngju, sem teygja sig a.m.k. norður í Úlfarsfell og Reynisvatnsheiði, hafi opnað köldu vatni leið úr suðri að jarðhitasvæðunum í Mosfellsbæ. Eins þykir líklegt að brotin nái inn í og hafi mikil áhrif á rennsli vatns um jarðhitakerfið.

Prátt fyrir miklar boranir og vatnsvinnslu úr Reykjaskvæðunum er lítið til af skýrslum og greinargerðum um hitadreifingu þar sem byggt er á hitamælingum í mörgum borholum. Eitthvað var samt um að slíkar hitamyndir væru teiknaðar í tengslum við boranir og aðrar framkvæmdir. Þannig gerði Sveinn Einarsson nokkur hitaþversnið um holurnar á Suður-Reykjum þegar árið 1960. Þá var töluvert unnið í gerð hitamynda árin 1970-1973 og svo árabiði 1977-1978. Engin af ofangreindum teikningum var hins vegar birt í skýrslum fyrr en nýlega af Jens Tómassyni (1990). Á grunni hitamyndanna leggur Jens fram hugmyndalíkan að innri gerð jarðhitakerfisins þar sem tilgreind eru tvö heit aðstreymi til þess, annað úr norðvestri, en hitt milli suðurs og austurs. Viðsnúningur hitaferla í djúpum borholum er talinn sýna að heitt vatn hafi breiðst lárétt á 300-800 m dýpi út frá lóðrétti uppstreymisrás og að láréttu kerfið sé yngra en kaldara vatnið neðan við það (Jens Tómasson, 1990). Þá gerði nemandi við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna hitalíkan af Reykjaskvæðunum þar sem jarðhitakerfið er einnig talið eiga sér tvö heit aðstreymi úr norðvestri og suðaustri, auk þess sem hitadreifing á 200-1000 m dýpi bendi til láréttis rennslis vatns á því bili (Xi-Xiang, 1980).

Verkfræðistofan Vatnaskil (1994a og b) lauk nýlega við gerð nákvæms reiknilíkans af Reykjaskvæðunum. Það byggir á hugmyndalíkani af jarðhitakerfinu þar sem gert er ráð fyrir lágri lóðrétti lekt nema helst í sjálfum lauga-rásunum. Niður um þær lekur nú kalt vatn eftir að þrístingur fíll í jarðhitakerfinu. Að öðru leyti dregur jarðhitavinnslan vatnið mestmeginn lárétt að sér. Þannig gerir líkanið ráð fyrir köldu niðurstreymissvæði vatns við Hafnavatn og Úlfarsfell sem síðan berst lárétt inn á Suður-Reyki. Einnig er gert ráð fyrir heitu aðstreymi úr norðaustri. Lekt er talin best í stefnu 60° austan við norður.

Auk ofangreindra athugana liggja fyrir nokkrar skýrslur um efnafræði og samsætustyrk vatnssýna úr laugum og borholum. Þessar rannsóknir hafa skilað mikilsverðum upplýsingum um ólíka strauma heits og kalds vatns inn í Reykjaskvæðin. Að þeim verður vikið í kafla 8, svo og niðurstöðum viðnámsmælinga, sprungukortlagningar og hitastigulsborana.

3. YFIRLIT UM BORHOLUR

Mynd 1 sýnir staðsetningu þeirra 176 borholna sem nýttar voru við gerð hitalíkansins af Reykjasvæðunum og nágrenni þeirra. Myndir 2-4 sýna hins vegar nákvæmari staðsetningu holna í Reykjahlíð og á Suður-Reykjum. Í töflum 1-5 í viðauka 6 er svo að finna upplýsingar um borverk, dýpi, staðsetningar o.fl. Upplýsingarnar eru sóttar í Oracle gagnagrunn Orkustofnunar, einkum töflurnar *bhm.borverk* og *os.stadur*. Holunum á mynd 1 verður í skýrslunni skipt í fimm eftirtalda hópa:

SR-holur: Þessar holur eru kenndar við jörðina Suður-Reyki og eru flestar boraðar á árabilinu 1933-1946. Þær eru 43 talsins og er dýpi þeirra á bilinu 135-621 m. Mynd 4 sýnir staðsetningu holnanna. Hnit þeirra voru lesin af korti í mælikvarðanum 1:2000. Kortið var unnið á Jarðhitadeild Raforkumálastjóra árið 1950 og ber nú frumritanúmerið 4785 í teikningasafni Orkustofnunar. Kortið er byggt á eldri kortum frá 1939 og 1940. Hitaveita Reykjavíkur nýtti sjálfrennslið úr SR-holunum þar til að djúpdæling úr jarðhitasvæðunum þurrkaði þær. Árin 1972, 1976 og 1980 var svo unnið við að steypa í holurnar vegna niðurrennslis kaldara vatns í þeim.

NR-holur: Þessi holusyrpa er kennd við jörðina Norður-Reyki í Mosfellsdal. Voru holurnar boraðar á árunum 1947-1959. Dýpi NR-holnanna er á bilinu 128-473 m en alls urðu þær 26 talsins. Myndir 2 og 3 sýna staðsetningu þeirra. Voru holuhnitin lesin af korti með frumritanúmeri 4784, einnig frá Jarðhitadeild Raforkumálastjóra árið 1959. Mælikvarði kortsins er 1:1000. Líkt og með SR-holurnar, þá nýtti Hitaveita Reykjavíkur sjálfrennslið úr NR-holum fram til ársins 1973 að það þvarr vegna djúpdælingar (Porsteinn Thorsteinsson, 1975). Í kjölfarið hófst niðurrennslí kaldara vatns í þeim og var unnið við að steypa í holurnar árin 1979 og 1980.

MG-holur: Skýring MG nafngiftarinnar felst í því að þetta eru holur sem voru boraðar í Mosfellssveit af Gufubornum (Dofra). Mikil umskipti áttu sér stað í vatnsvinnslu á Reykjasvæðunum með tilkomu þessara holna. Flestar þeirra eru mjög vatnsgæfar og ekki ógengt að þær gefi í dælingu á bilinu 50-100 l/s af 80-100 °C heitu vatni. Fyrstu tvær MG holurnar voru boraðar á árunum 1959 og 1963. Borun hófst að nýju árið 1970 og var síðan borað flest ár fram til 1977. Alls eru MG-holurnar 39 talsins. Dýpi þeirra er á bilinu 800-2043 m. Allar hafa holurnar nýst sem vinnsluholur að frátoldum holum MG-1, MG-2 og MG-28. Lækkandi þrýstingur í jarðhitakerfinu varð til þess að kalt grunnvatn komst inn í syðstu holurnar á Suður-Reykjum og kólnuðu summar þeirra verulega. Hefur þegar verið steypt í holur MG-7 og MG-10, auk þess sem fóðringar hafa verið síkkaðar í holum MG-4, MG-17 og MG-23. Staðsetning holnanna er sýnd á myndum 2-4. Er hún landmæld með innan við 1 m nákvæmni í öllum tilvikum.

HS-holur: Þessi holusyrpa samanstendur af borholmum sem hafa verið boraðar vítt og breitt á höfuðborgarsvæðinu til að ákvarða hitastigul og hita á litlu dýpi. Hin síðari ár hefur einnig verið lögð áhersla á að komast í þrýstisamband við vinnslusvæði Hitaveitu Reykjavíkur og mæla þannig vatnsborðssveiflur mun víðar en í sjálfum vinnsluholunum. Er fyrir vikið borað dýpra en áður. Elsta HS-holan var boruð 1967 og hin

síðasta í desember 1994. Staðsetning holnanna er sýnd á mynd 1. Dýpi þeirra er á bilinu 0-500 m nema í Nauthólvík þar sem boruð var 990 m djúp hola (tafla 4). HS-holurnar hafa ýmist verið landmældar inn í hnitakerfi Reykjavíkurborgar eða hnit þeirra eru lesin af kortum.

Rétt er að taka fram að sumar HS-holnanna koma lítt eða ekkert við sögu í skýrslunni. Mikil einföldun og hagræði var fólgιð í því að vinna með allar holurnar sem hóp og eru lesendur beðnir velvirðingar ef þessi vinnuaðferð veldur þeim ama.


Nágrannaholur: Í þessum flokki lenda ýmsar holur sem flestar hverjar hafa verið boraðar af landeigendum og Hitaveitu Reykjavíkur í Mosfellsbæ og í nágrannasveitarfélögum. Staðsetning holnanna er sýnd á mynd 1 og nánari lýsing á þeim er gefin í töflu 5. Alls eru 29 holur í flokknum. Flestar þeirra eru innan við 500 m djúpar en sú dýpstá nær þó niður í 1560 m. Borun þeirra fór fram á árabilinu 1951-1992. Sumar holurnar eru í notkun en aðrar ekki vinnsluhæfar. Staðsetning flestra þeirra er lesin af kortum í mælikvarða 1:25,000 og 1:50,000.

Mynd 5 og tafla 6 voru gerð til að fá glöggja yfirsýn yfir það dýptarbil jarðskorpunnar sem ofangreindar holur spanna. Áberandi er að langflestar holurnar spanna dýptarbilið 100-500 m. Ættu þær því að gefa góða mynd af hitaástandi á þessu dýptarbili. MG-holurnar skera sig svo verulega frá hinum flokkunum sökum mikils dýpis. Fela þær í sér tæp 60 % af bormetrunum í töflunni.


Tafla 6: Tölulegt yfirlit um borholur á Reykjasvæðunum og í nágrenni.

Holu-flokkur	Fjöldi	Grynnsta hola (m)	Dýpstá hola (m)	Meðal-dýpi (m)	Staðal-frávik (m)	Heildarlengd (km)
MG-holur	39	800	2043	1640	350	64,0
SR-holur	43	135	621	351	130	15,1
NR-holur	26	128	473	315	80	8,2
HS-holur	39	60	990	239	170	9,3
Nágrannar	29	40	1560	423	470	12,3
Alls	176	40	2043	619	610	109


Skoðun á borverkatöflu í gangagrunni Orkustofnunar, *bhm.borverk*, sýnir að alls hafa verið boraðir tæpir 769 km í tæplega 5500 holum á Íslandi. Holurnar sem hér verða skoðaðar eru því 14 % af heildarbormetrunum, þar af eru MG-holurnar rúm 8 %. Til gamans má geta þess að heildarvatnssala hitaveitna í Sambandi íslenskra hitaveitna var um 100 milljónir tonna árið 1992. Er þá öll mælasala talin og að auki giskað á að hemlanotkunin sé 2/3 af mestu uppsettu notkun (Porgils Jónasson, 1993). Vinnslan úr Reykjasvæðunum þetta ár var hins vegar um 28 milljónir tonna (Einar Gunnlaugsson og Gretar Ívarsson, 1994). Sýnir það að MG-holurnar, sem eru 8 % af öllum bormetrunum, gefa um fjórðung af allri heitavatnssölu á Íslandi. Endurspeglar það hvað jarðhitakerfin í Mosfellsbæ eru feiknarlega góð sem vatnsvinnslusvæði.




Mynd 1: Helstu örnefni og staðsetning borholna í Mosfellsbæ og nágrenni. Svarthvíti grunnurinn byggir á loftmyndum teknum af Landsat gervihnettum.




Mynd 2: Staðsetning MG- og NR-holna á Norður-Reykjum.



Mynd 3: Staðsetning MG- og NR-holna í Helgadal.



Mynd 4: Staðsetning MG- og SR-holna á Suður-Reykjum.



Mynd 5: Dýptardreifing borholna í Mosfellsbæ og nágrenni.

4. ÁKVÖRÐUN BERGHITA Í BORHOLUM

Grunnurinn að gerð hitalíkans af jarðhitasvæði felst í mati á hita í borholum eins og hann væri ef aldrei hefði gætt truflana af völdum borana, vinnslu eða rennslis milli æða. Venja er að kalla slíkan ótruflaðan hitaferil *berghita* holunnar. Þar sem hvers kyns truflanir eru ráðandi í flestum hitamælingum gerðum í einni borholu, krefst ákvörðun berghita allra tiltækra upplýsinga um ástand holunnar fyrir og á þeim tíma sem mælt er auk einhverrar reynslu af úrvinnslu hitamælinga.

Allur gangur hefur verið á hve oft var hitamælt í holunum 176 sem hér er fjallað um. Algengast er að mælt sé meðan holurnar eru í borun. Síðan verður æ fátiðara að þær séu mældar. Tafla 7 gefur yfirlit um fjölda og heildarlengd hitamælinga í holuflokkunum fimm.

Tafla 7: Yfirlit um fjölda og lengd hitamælinga í borholum.

Holu-flokkur	Fjöldi hitamælinga	Lengd mælinga (km)	Meðalfj. mæl. í holu	Meðallengd hitamæl. (m)	Meðaldýpi holna (m)
MG	264	344	6,8	1300	1640
SR	138	43	3,2	310	350
NR	72	15	2,8	210	315
HS	124	35	3,2	280	240
Nágr.	173	96	6,0	550	420
Alls	699	533	4,0	760	620

Tafla 7 sýnir að holurnar sem hér eru skoðaðar hafa að meðaltali verið mældar fjórum sinnum. Mest hefur verið mælt í MG og nágrannaholum. Fáar mælingar í NR- og SR-holunum á sér þá skýringu að flestar voru þær boraðar áður en nákvæmir hitanemar til borholumælinga voru teknir í notkun hér. Elsta hitamælingin er úr holu SR-1 frá 1933. Hún er fengin með hámarkshitamæli sem rennt var niður í holubotn eftir því sem boruninni vatt fram. Byggir aflesturinn þá á því að hæsti holuhitinn sé ætlað við botninn. Botnhitamælingar bormanna eru það eina sem menn eiga um holuhitann fram yfir 1950 að fara íð er að nota hitaháð viðnám til hitamælinga í holum. Einkum voru notaðir svokallaðir termistorar sem lóðaðir voru á rafmagnskapal (lampasnúru eða jöklavír) og gengið frá tengingunni þannig að ekki læki á milli. Termistornum var síðan slakað í ákveðið dýpi, mælt viðnám yfir termistorinn og því svo snúið yfir í hita samkvæmt kvörðunartöflum. Pannig var nemanum slakað niður holuna skref fyrir skref uns komið var í botn. Yfirleitt voru holurnar mældar á 10 m fresti frá vatnsborði í botn.

Termistor kapalmælarnir voru svo að þróast fram undir 1970 að gæði mælinganna verða það mikil að notkun botnhitamæla hættir að mestu. Einnig komu mekanískir Amerada hitamælar með Gufubor árið 1958 og eru þeir tölувert notaðir í MG-holunum í Mosfellsbæ. Árið 1966 er fyrsti íslenski borholumælingabíllinn tekinn í notkun og loks er það

árið 1976 að hingað koma rafrænir hitamælar sem senda upp mælingakapalinn tilnimerki sem er í hlutfalli við hita. Má segja að þá fyrst hafi verið komið áreiðanlegt hitamælitæki þar sem ekki þurfti sifellt að óttast að kvörðunarskekkjur vegna útleiðslu og fleiri sjúkdóma eldri kynslóðar kapalhitamæla.

Óhemju gagnamagn liggur í hitamælingunum sem hér er lýst. Ef áætlað er að hiti sé skráður á 10 m fresti fæst að mæligildin séu yfir 50 þúsund. Ef jafnframt er gert ráð fyrir að hvert mælgildi kosti 5 mínútur í vinnu fæst að yfir 500 vinnudagar eða rúmlega tvö mannár liggi í gögnunum. Mælingarnar má nálgast í töflunum *bhm.svunta* og *bhm.gogn* í Oracle gagnasafni Orkustofnunar. Eins er þægilegt að skoða þær í forminu *svunta* eða með teikniforritinu *oramyndir* á UNIX kerfi Orkustofnunar. Til þess þarf samt að vita staðarnúmer holnanna, en það er gefið í töflum 1-5 í viðauka 6.

Þegar kom að ákvörðun berghita í holunum 176 var reynt að áætla berghitaferilinn eingöngu út frá hitamælingum í hverri holu og forðast sem mest að láta nálægar holur hafa áhrif þar á. Með því móti er hamlað gegn fyrirframskoðunum skýrsluhöfunda um hitadreifingu á jarðhitasvæðunum og gögnin ein látin ráða. Þessi skorðun hitamælinga við eina holu átti þó ekki við í öllum tilvikum. Þannig var nokkrum NR eða SR holum hneppt saman í einn berghitaferil ef mjög skammt var á milli holnanna og einungis tiltækar ein eða tvær hitamælingar í hverri holu. Í viðaukum 1-5 eru teiknaðar allar hitamælingar í borholum í Mosfellsbæ og nágrenni ásamt þeim berghitaferlum sem ákvarðaðir voru á grunni mælinganna.

Við ákvörðun berghita í holunum 176 var einkum stuðst við eftirfarandi forsendur:

1. Að hiti á yfirborði sé 4-5 °C. Frávik frá þessu eru örfáar NR- og SR-holur sem eru boraðar nánast beint ofan í laugar.
2. Að hæsti hiti sem mælist í holubotni sé í eða rétt undir berghita. Dæmi um þetta eru myndir 10 og 12 í viðauka 5. Rétt er að taka fram að oft eru nokkur slík "botnhitagildi" í boði í einni holu þar sem holurnar eru tilum mældar eftir helgarhlé eða næturhlé í borun.
3. Ef hiti er eins í mælingum með nokkurra ára bili, þá sé um nákvæma berghitamælingu að ræða. Sem dæmi má taka holu MG-1 í viðauka 3 (mynd 1). Í henni mælist næstum nákvæmlega sami hiti árin 1971 og 1992.
4. Að hiti við æð sem stendur eins og pinni út úr hitaferli sé sá sami eða lægri en raunverulegur berghiti. Dæmi um þetta er hola MG-20 í viðauka 3. Þar er berghiti lesin beint úr hitamælingum á tæplega 350 m dýpi.
5. Að holurnar á Norður- og Suður-Reykjum sjálfrynnu fram til þess tíma að djúpdæling hófst af krafti úr svæðunum (árið 1972). Þannig er lækkun hita ofan við æð talið sýna að æðin sé með lægri berghita en nemur hita vatnsins sem kemur að neðan (og öfugt). Mynd 19 í viðauka 2 sýnir dæmi um þetta við æð á u.p.b. 260 m dýpi í holu SR-19.

6. Að niðurrennslí sé ríkjandi í MG-holum í borun a.m.k. frá og með holu MG-12 árið 1972, en þá er djúpvinnsla hafin af krafti úr MG-holum með tilheyrandi þrýstifalli í jarðhitakerfinu (Porsteinn Thorsteinsson, 1975). Því til viðbótar leitaði kalt og eðlisþungt skolvatnið niður á við eftir að holur skáru æðar dýpra. Þetta veldur því að efsta æð holu sést skýrt sem hitahámark í flestum mælingum og er hæsti mældi hiti þar tekinn sem berghiti. Ef hiti hækkar svo við dýpri æðar, þá er berghiti æðarinnar hærri en hiti vatnsins að ofan og öfugt. Ekki var hægt að trúá blint á þessa reglu því á stundum geta dýpri æðarnar verið kældar af völdum skolvatns. Stundum varð því lendingin sú að berghiti er óþekktur í MG-holum nema í efstu æð og í holubotni.

Hola MG-25 í viðauka 3 er ágætis dæmi um þetta. Þar sést að æð á 350 m dýpi veitir tæplega 100 °C heitu vatni inn í holuna. Það rennur síðan niður til botnæðar í 1950 m dýpi og kólnar verulega á leiðinni. Neðan við botnæðina hitnar svo ört að holubotni í 2000 m og er hæsti mældi hiti þar tekinn sem berghiti. Ári síðar er holan hitamæld í tengslum við dæluupptekt. Sést þá að neðan úr holunni hefur komið um 90 °C heitt vatn. Það er í samræmi við áætlaðan berghita botnæðarinnar.


7. Hiti vatns í holu hækkar eða lækkar með dýpi á sama hátt og berghitin (hitastigullinn varðveitist). Skiptir þá engu hvort millirennslí trufli hitamælinguna. Eins og getið var í dæminu um holu MG-25, koma upp þau tilfelli að hiti er óþekktur milli æða í MG-holum frá ≈500 m dýpi niður til botns. Því var skoðað sérstaklega hvernig hiti hegðar sér með dýpi í öllum hitamælingum gerðum í hverri MG-holu. Ef hiti mælist ætíð vaxandi á einhverju dýptarbili í holu, telst berghitinn það einnig.

Mynd 6 sýnir hvernig formerki hitastigulsins lítur út í holu MG-11 og í viðauka 3 er að finna mynd sem sýnir berghita holunnar. Augljóst er af mynd 6 að hiti er vaxandi niður undir 500-600 m dýpi, en þar fyrir neðan snýst dæmið við. Í viðaukamýndinni má sjá að hitastallur er í ≈550 m dýpi í mælingu frá 2. janúar 1973. Niðurrennslí er talið eiga sér stað í holunni á þessum tíma og er efsta æð í ≈250 m dýpi, síðan kemur 550 m æðin inn með heitara vatn og æðar á ≈850 og ≈1000 m dýpi kæla niðurrennslíð. Er það í samræmi við upplýsingarnar sem koma út úr stiglinum, þ.e. að berghitahámark sé milli 500 og 600 m dýpis og kólnandi þar fyrir neðan.

8. Vinnsluhiti holu er í samræmi við berghita í gjöfulstu æðum. Þó ekki sé einhlítt að vinnsluhiti holu í dælingu stjórnist eingöngu af einni æð má oft hafa hliðsjón af honum við ákvörðun berghita. Pannig er algengt að tvær meginæðar séu í MG-holum, ein heit kringum 500 m dýpi og hin kaldari nærrí botni (1500-2000 m). Ef vinnsluhiti holunnar í langtímovinnslu er lægri en hiti efri æðarinnar verður að teljast öruggt að berghiti sé viðsnúinn og dýpri æðin kaldari en sú efri.
9. Sjón, smekkur og tilfinning. Þeir berghitaferlar sem hér eru sýndir verða ætíð að einhverju leiti hugarafurð skýrsluhöfunda og ber að taka þeim sem slíkum. Pannig

er reynslan sérlega mikilvæg þegar meta skal áhrif millirennslis á hitann og eins áreiðanleika eldri hitamælinga. Varað er við oftrú á berghitann sem hér er sýndur og er sjálfssagt að gagnrýna þau tilvik þar sem rök standa til.

Þess ber að geta að oft á tíðum eru berghitaferlarnir hafðir mun dýpri en holurnar, sérstaklega á svæðum þar sem hrein varmaleiðni virðist ráða hitaástandi. Á þetta einkum við um HS-holurnar þar sem hitastigullinn er framlengdur línulega að 500 m dýpi (sjá t.d. myndir 4-7 í viðauka 4). Einnig eru berghitaferlar framlengdir niður fyrir holubotn með sveig, ef svo virðist sem holan sé að komast í hrærandi jarðhitakerfi. Dæmi um þetta eru holur í Stardal og við Vallá (myndir 25 og 26 í viðauka 5). Línuleg framlenging hitans í HS-holunum hefði endað í berghitagildum um og yfir 160 °C ofan 500-1000 m dýpis sem skýrsluhöfundum þykir fremur óliklegt. Eins eru tilvik þar sem holur virðast boraðar niður úr hrærandi jarðhitakerfum og tekur þá við á ný línulegur hitastigull. Dæmi um það er hola 10 í Hvammsvík (mynd 28 í viðauka 5). Sýna þessi dæmi að berghitaferlarnir eru alltaf að einhverju eða miklu leyti byggðir á túlkun skýrsluhöfunda.




Mynd 6: Formerki hitastiguls í hitamælingum holu MG-11.

5. LÝSING BERGHITA Á REYKJASVÆÐUM

Myndir 7-10 sýna berghitaferlana sem ákvarðaðir voru fyrir MG-, SR- og NR-holurnar. Eru ferlaminr teiknaðir með dýpi og sýndar tvær myndir frá hvoru svæðanna, Suður-Reykjum og Reykjahlíð. Sú nálgun er gerð við teiknun myndanna að holurnar séu allar í sömu hæð yfir sjávarmáli (eru langflestar á bilinu 40-60 m y.s., sjá töflur 1-5).


Mynd 7 sýnir berghita MG-holna á Suður-Reykjum. Strax blasir við eitt helsta einkennið í berghitanum, þ.e. að hiti vex mjög örт að 200-300 m dýpi, er í hámarki niður á 500-600 m en þá byrjar hitinn að lækka. Hitalækkunin er svo viðvarandi niður á um 1600-2000 m dýpi, en þar er komið í lóðréttan eða lítillega hækkandi stigul. Pessa lögur hitaferlanna má skýra með lárétti lekt jarðлага kringum 500 og 1700 m dýpi. Er efra vatnskerfið heitara en það neðra. Neðan 2000 m dýpis virðist bergið svo verða þéttara og hitnandi. Hola MG-16 er með hæsta berghitann en holur MG-20 og 25 fylgja fast á eftir. Holur MG-17 og MG-31 skera sig svo úr vegna lágs berghita.



Mynd 7: Berghiti í MG-holum á Suður-Reykjum.

Mynd 8 sýnir berghita MG-holna á Norður-Reykjum og í Helgadal. Þar er svipað uppi á teningnum og á Suður-Reykjum, þ.e. hiti hækkar örт að hámarki kringum 300-1000 m dýpi, en fer svo lækkandi niður að 2000 m. Hola MG-19 á Norður-Reykjum er heitust ofan til, en hola MG-37, sem er lengst til NV, er heitust djúpt. Hitahámark holnanna í


Helgadal er almennt 300-500 m dýpra en á Norður-Reykjum og eru holur þar mun kaldari grunnt en á Norður-Reykjum.




Mynd 8: Berghiti í MG-holum í Reykjahlíð.

Mynd 9 sýnir berghita allra SR-holnanna á Suður-Reykjum. Höfueinkenni þeirra flestra er ört hækkandi hiti að 70-100 m dýpi en þar dregur verulega úr stiglinum niður að 600 m dýpi. Heitastu holurnar eru SR-22, 27 og 28 um mitt borsvæðið á Suður-Reykjum en kaldastar eru SR-34 og 36 sem eru suðvestast (mynd 4). Sjá má hitaviðsnuning í stöku holu, væntanlega þar sem þær eru boraðar gegnum lóðréttar rennslisrásir (SR-27 og 38). Mesti lárétti munur í berghita er um 20°C og fer svæðið hitnandi til norðurs.

Mynd 10 sýnir berghita allra NR-holnanna á Norður-Reykjum. Hér er svipað uppi á tengingnum og á Suður-Reykjum, hratt vaxandi hiti að 60-100 m dýpi en hægvaxandi þar fyrir neðan. Heitastar eru holur NR-19 og 24 á miðju borsvæðinu á Norður-Reykjum (mynd 2) og hola NR-26 í Helgadal (mynd 3). Hola NR-26 sker sig einnig úr sökum þess hve hún er köld ofan til, líkt og MG-holurnar þarna. Hola NR-15 er hins vegar með þeim kaldari á Norður-Reykjum. Má ætla að hæsti berghiti NR-holnanna fylgi línu með ASA stefnu. Láréttur munur í berghita á Norður-Reykjum er um 10°C í stað 20°C á Suður-Reykjum.




Mynd 9: Berghiti í SR-holum.



Mynd 10: Berghiti í NR-holum.

Þar sem 5-20 °C dreifing er í berghita á Suður-Reykjum og í Reykjahlíð var reiknaður meðalberghitaferill fyrir hverja myndanna 7-10. Niðurstöðurnar eru sýndar á mynd 11. Þar sést að MG-holurnar í Reykjahlíð eru 5-10 °C heitari neðan 700 m dýpis en á Suður-Reykjum. Þessi niðurstaða er óyggjandi þar sem sömu aðferðir eru notaðar við borun, mælingar og úrvinnslu hitamælinga á báðum stöðunum. Eins er mjög fróðlegt að meðaltal berghita er nánast það sama í NR- og SR-holunum. Það bendir til þess að innri gerð og aðrennsli efst í Reykjasvæðin hafi verið ámota á báðum stöðum við upphaf borana.



Mynd 11: Meðaltal berghita í MG-, NR- og SR-holum.

Pá er eftirektarvert að berghiti MG-holna á 0-400 m dýpi virðist vanmetinn, ef mið er tekið af NR- og SR-holunum. Hér getur valdið sú aðferð sem notuð var við berghitamat-
ið, þ.e. að mælingar í hverri holu skuli einar ákvárða berghitann. Á þessu dýptarbili eru fóðringar MG-holnanna, lítið um hitamælingar í opinni holu og því erfitt að ákvárða berghitann. Þar á ofan gæti efsti hluti svæðisins hafa kólnað eitthvað vegna vinnslu og niðurdráttar þegar MG-holurnar eru boraðar. Það bíður síðari tíma að samræma þetta. Rétt er að benda á að hök sem koma í ferlana á mynd 11 stafa af mislöngum berghitaferlum í holum. Koma hökin þá fram þar sem ein eða fleiri holur detta út úr meðaltalsreikningunum.

6. BERGHITI Í PVERSNIÐUM GEGNUM REYKJASVÆÐIN

Þegar berghitaferlarnir í holunum 176 á mynd 1 voru tilbúnir lá næst fyrir að skoða hvernig berghitinn liti út í sniðum gegnum Reykjasvæðin. Mynd 12 sýnir legu sniðanna fimm sem valin voru. Skrifaður var hugbúnaður til að lesa gögn inn á sniðlínurnar og sýnir tafla 8 hvaða skilyrðum var beitt við gerð sniðanna.

Lýsing sniðanna fimm fer hér á eftir. Þess ber að geta að holur eru sýndar með lóðréttum strikum á sniðunum. Eru strikin þá dregin niður í dýpi berghitaferilsins, sem oft er mun meira en sjálft bordýpið.

Tafla 8: *Upplýsingar um skilyrðin sem beitt var við gerð hitasniðanna á mynd 12.*

Lína númer	Miðju-hola	Horn frá norðri (°)	Mesta fjarl. til holu (m)	Fjöldi holna í sniðinu
1	MG-11	17	400	46
2	MG-29	60	400	49
3	MG-38	92	400	14
4	MG-21	136	400	36
5	MG-21	158	200	55


Nánari upplýsingar um gerð sniðanna má finna með skelinni *hitakassi* og fornritinu *hitasnid* á UNIX kerfi Orkustofnunar.

LÍNA 1: Hitasnið frá Svilaklöpp að Hafravatni


Þessi lína nær frá hlíðum Kistufells í norðri að Hafravatni í suðri. Hitasniðið er sýnt á mynd 13. Norðurhluti sniðsins er mjög heitur og má finna viðast 90°C berghita á 500-700 m dýpi nema helst sunnan undir Mosfelli. Þar er áberandi kalt vatnskerfi a.m.k. í efstu 100 m skorpunnar. Undir Helgafelli fer svo að sjást um og yfir 90°C heit tunga sem rís hratt upp á við og er einungis um 300 m þykk í holunum á Suður-Reykjum. Heitust er tungan kringum 500 m dýpi, um og yfir 100°C . Hún deyr svo út við holu HS-34 í Uxamýri. Um $10^{\circ}\text{C}/\text{km}$ láréttur hitastigull er í berghitanum milli Suður-Reykja og Hafravatns. Mætir þarna jarðhitavökvi úr norðri köldu vatnskerfi Krísuvíkur sprungustykksins. Athyglivert er að hola HS-26, syðst í sniðinu, er mjög ummynduð þrátt fyrir að hiti við hana nú sé kringum 5°C (Jens Tómasson o.fl., 1994).

LÍNA 2: Hitasnið frá Laxnesdýjum að Bullaugum


Mynd 14 sýnir berghitann í línu 2, sem nær frá Laxnesdýjum í norðaustri að Bullaugum í suðvestri. Líkt og í línu 1 má hér sjá tungu með um og yfir 90°C hita sem teygir sig upp og þynnist til suðvesturs. Ná djúpu holurnar í Helgadal tæplega viðsnúningi í hita en holurnar á Suður-Reykjum greinilega. Láréttur hitastigull er nokkur milli MG-holnanna á Suður-Reykjum en óvist er um hann milli holu HS-39 og holnanna í Bullaugum. Þar er þó greinilega komið í kalt vatnskerfi en þykkt þess er óþekkt (berghitinn byggir á fram lengingu stiguls í grunnum holum). Hið sama á við um hitann neðan Laxnesdýja, þar gæti grunnt og volgt vatnskerfi skýrt háan stigul neðan við holu LD-05.



Mynd 12: Lega hitasniða gegnum jarðhitasvæðin í Mosfellsbæ.




Mynd 13: Hitabversnið milli Svilaklappar og Hafravatns (lína 1).



Mynd 14: Hitabversnið frá Laxnesdýjum að Bullaugum (lína 2).

LÍNA 3: Hitasnið frá Geldinganesi að Helgadal


Mynd 15 sýnir hitasnið sem liggur frá Geldinganesi í vestri að Helgadal í austri. Sniðið liggur nær þvert á sprungustykki Krísvíkur og kemur það fram með mjög svo athygli-verðum hætti á myndinni. Þannig er berg mjög heitt frá vesturodda Geldinganessins að Korpuósum og er 90 °C jafnhitalínan á 300-700 m dýpi á þessu bili. Undir Lágafelli steypir svo 90 °C jafnhitalínan sér niður á rúmlega 2 km dýpi þar sem hún tekur snöggan kipp upp á við og er aðeins á u.b.b. 300 m dýpi undir Reykjalundi. Lögun hitalínanna þarna hvílir að verulegu leyti á berghita dýpstu holnanna á Suður-Reykjum, en þær sýna vaxandi stigul neðan 2000 m dýpis (myndir 7 og 11). Þessi 90 °C jafnhitalína liggur svo grunnt og lárétt að Helgadal þar sem hún steypist á nýjan leik 16örétt niður. Berghitadreifingin sýnir því tvö 16örétt vatnskerfi í sprungustykki Krísvíkur, annað kalt vestan í því með niðurstreymi en hitt heitt að austanverðu með 16öréttu/láréttu vatnsstreyimi. Vesturjaðar sprungustykisins er að líkendum í Lágafelli (Helgi Torfason og Halldór Torfason, 1994). Vestan þess er berg mun heitara og hugsanlega einnig þéttara ef litið er til árangurs af borun holu RV-42 við Korpuósa (Benedikt Steingrímsson o.fl., 1994).



Mynd 15: Hitapversnið frá Geldinganesi að Helgadal (lína 3).

LÍNA 4: Hitasnið frá Kollafirði að Helgadal


Lína 4 nær frá borholu sem er austan fiskeldisstövarinnar í Kollafirði að djúpu holunum á Norður-Reykjum og í Helgadal. Er hitasniðið sýnt á mynd 16. Megineinkenni sniðsins eru svipuð og í línu 3, þ.e. heitt berg í norðvestri og suðaustri með kaldari kafla á milli. Þessi kaldri kafli byggir á framlengdum hitastigli holunnar við Hrísbrú, en við borun holunnar kom í ljós vatnsgæft og kalt vatnskerfi sunnan til í Mosfelli (Valgarður Stefánsson, 1994). Þá sýnir sniðið að hiti er viðsnúinn í flestum MG-holnanna austan til í sniðinu. Virðist þar koma heit tunga úr norðri, inn á Norður-Reyki og Helgadal, sem leggst yfir kaldara berg. Þá má sjá innan 90 °C hitasvæðisins afmarkaða bletti þar sem berghiti er yfir 95 °C. Hugsanlega tengjast þeir lóðréttum sprunguflötum. Ekki er ljóst hvort 90 °C heita svæðið á myndinni teygir sig áfram austur frá holu MG-39.



Mynd 16: Hitapversnið frá Kollafirði að Helgadal (lína 4).

LÍNA 5: Hitasnið frá Helgafelli að Húsadal

Hitasniðinu á mynd 17 er ætlað að sýna hitann þvert yfir jarðhitakerfið á Suður-Reykjum (lína 5). Er lengd þess í láréttu stefnu því aðeins 3 km samanborið við 35-45 km í hinum sniðunum. Afmarkað er svæði þar sem berghiti er yfir 90°C og er það víðáttumest á 500 m dýpi í samræmi við meðalberghitann á mynd 11. Hæstur er hitinn undir heilsuhælinu á Reykjalundi, yfir 100°C . Hvers kyns hlykkir sjást nú í berghitanum ofan 500 m og gætu þeir endurspeglad löðréttar rennslisrásir. Hola HS-42 í Húsadalur er ekki nægjanlega djúp til að fara í gegnum ætlaðan viðsnuning í berghita. Hressilegur viðsnuningur holna í grenndinni ásamt lágum hita holu HS-27 í Þormóðsdal er hins vegar talið sanna að jarðhitakerfið deyi út til þessarar áttar. Óvist er hvort kaldara berg liggi undir hitasvæðinu milli holna MG-25 og HS-37. Því er ekki hægt að segja til um hvort hitatungan á 500 m kemur úr norðri þvert á línuna, eða úr vestri eftir sniðinu.



Mynd 17: Hitapversnið frá Helgafelli að Húsadal (lína 5).

7. HITADREIFING Á 200, 500 OG 1000 m UNDIR SJÁVARMÁLI


Lokaskref úrvinnslu gagna um berghita á Reykjasvæðunum og í nágrenni fólst í teiknun berghita á 200, 500 og 1000 m dýpi undir sjávarmáli. Hitakortin eru sýnd á myndum 18, 19 og 20. Rétt er að taka fram að einungis hitadreifingin á 200 m u.s. telst vel skilgreind með borholum, 500 metramir þokkalega en 1000 m dýpið aðeins að hluta. Má skoða dýptardreifingu holnanna á mynd 6 til að sannfæra sig um það. Mjög var stuðst við hitapversniðin á myndum 13-17 við mat á berghita á 500 m og sérstaklega á 1000 m og eykur það nokkuð áreiðanleika kortanna. Rétt er samt að minna á að veruleg túlkun er komin í lögum jafnhitalína á þessum tveimur dýpum.

Skoðun hita á 200 m u.s. sýnir two áberandi og aflanga drætti í hitadreifingunni (mynd 18). Annar þeirra er kaldur og samsvarar vestari hluta sprungustykki Krísavíkur. Hann teygir sig allt norður að Skeggjastöðum. Hinn megindrátturinn er allt að 100 °C heitur og fellur saman við Reykjasvæðin. Jafnframt virðist hitahámarkið í Reykjahlíð teygja sig til NA í átt að Stardal. Til viðbótar þessum tveimur megindráttum má sjá kalda tungu til norðurs frá Hafravatni, og tvær kaldari tungur í NV, í átt að Gufunesi og þvert yfir Kollafjörð. Í vestri sést svo hækkandi hiti. Eins og áður segir telst hiti þekktur með góðu öruggi á 200 m u.s., nema helst í norðanverðum Mosfellsdal.


Hitadreifingin á 500 m u.s. er í mörgu lík þeirri á 200 m utan að hiti er 10-30 °C hærri (mynd 19). Kalda svæðið vestan í Krísuvíkursprungunum er mjórra og lokast fyrir í totunum sem ganga að Mosfelli og að Kollafirði. Eins er bergið kalt sunnan við vinnslusvæðið á Suður-Reykjum. Hér er kominn yfir 100 °C berghiti á sundunum úti fyrir Gufunesi, Geldinganesi og Álfnesi. Hugsanlega tengist hitinn við Korpuósa hitanum í Álfnesi og er sú tenging sýnd með hitahlykk sunnan úr Álfnesi sem nær allt suður í Keldnaholt. Ef miðað er við 90 °C jafnhitalínuna á Reykjasvæðunum sést að hún þekur nú tvöfalt til þrefalt stærra svæði en á 200 m u.s. og hefur það einkum vaxið til austurs og norðurs. Ekki er lokað fyrir það skotið að 90 °C hitasvæðið sé opíð til austurs úr Helgadal. Hæstur hiti er sem fyrir 100 °C og finnst hann vestan til á hitasvæðinu. Hér eru jafnhitalínurnar framlengdar til NA í átt að Stardal og Fremra-Hálsi. Þeirri tengingu veldur einkum greitt þrýstisamband vinnslunnar úr Reykjasvæðunum við holur á þessum stöðum (Verkfræðistofan Vatnaskil, 1994b), en einnig spilar hár stigull í Laxnesdýjum inn í. Athyglivert er að sama hitahámarkið, 110 °C, sést bæði vestast og austast í myndinni.

Að lokum sýnir mynd 20 berghitann eins og skýrsluhöfundar áætla hann á 1000 m dýpi undir sjávarmáli. Hér er víða búið að framlengja berghitaferli með niður fyrir holubotna og ber því að taka jafnhitalínum með fyrirvara. Enn sem er kuldasvæði vestan til í sprungustykki Krísuvíkurkerfisins svo og sunnan Suður-Reykja. Ekki eru nægjanlega djúpar holur tiltækar til að sjá hvort kalda totan yfir Kollafjörð sé enn til staðar á þessu dýpi. Hins vegar virðist "kalda" tungan sem kemur úr suðri að Mosfelli sveigja sig til austurs og síðan suðausturs og þannig nánast umlykja holurnar í Reykjahlíð. Þar mælist enn sem fyrir ekki hærri hiti en 100 °C. Verulega er orðið heitt úti á Sundunum og er hæstur hiti áætlaður 140 °C í holunni á Vallá. Eins er hiti áætlaður yfir 120 °C í hol-


unni á Fremra-Hálsi og yfir 130°C í Stardal og er hitasvæðið þarna tengt hitasvæðinu á Reykjum. Með þessu gengur hitatungan upp frá Helgadal suðaustan við holuna á Fremra-Hálsi. Tílkunin byggir á framlengdum berghita holnanna á Fremra-Hálsi, Möðruvöllum í Kjós og í Stardal og verður að skoðast sem tilgáta. Vel er hugsanlegt að tengja eigi 110°C jafnhitalínuna sem endar austan Kollafjarðar í 110°C línuna sem er sveigð til norðurs upp frá Stardal. Úr því fæst vart skorið nema með dýpri holum á þessum slóðum.



Mynd 18: Jafnhitálum berghita á 200 m dýpi undir sjávarmáli.



Mynd 19: Jafngildislinur berghita á 500 m dýpi undir sjávarmáli.




Mynd 20: Jafngildisnur berghita á 1000 m dýpi undir sjávannmáli.

8. LÍKAN AÐ INNRI GERÐ JARÐHITAKERFISINS Á REYKJASVÆÐUNUM

Við skoðun sniðmynda 13-17 og flatarmynda 18-20 blasir við eftirfarandi hugmyndalíkan (conceptual model) að innri gerð jarðhitakerfisins á Suður-Reykjum og í Reykjhálið. Er þá átt við ástand þess eins og það var áður en boranir tóku að raska hita berggrunnsins. Á mynd 21 er hugmyndalíkanið svo sýnt í formi örva heits og kalds vatns.

- Ljóst er að sprungustykki megineldstöðvarinnar í Trölladyngju/Krísuvík stjórnar vatnsstraumum í jarðhitakerfinu, ýmist beint með nýjum brotum eða með því að hreyfa við eldri brotum í berggrunninum. Jafnhitalínur teygjast í NA-SV stefnu og fylgja þannig lekum sprungum og misgengjum með sömu stefnu.
- Jarðhitakerfið sækir sér vatn a.m.k. úr tveimur áttum. Að norðan kemur yfir 100 °C vatn með lágan samsætustyrk, en að sunnan kemur 5-50 °C vatn með einkenni staðbundinnar úrkому. Sá straumur er væntanlega ættaður úr vatnasvæði Elliðaáanna en kemst niður á mikið dýpi um lóðrétt brot. Þá er og hugsanlegt að jarðhitakerfið eigi sér þriðja aðstreymið úr austri, inn í Helgadal.
- Kaldi straumurinn að sunnan hitnar ört á leið sinni inn að Suður-Reykjum, léttist og leitaði að lokum upp í laugunum sem þar voru.
- Svo virðist sem heiti straumurinn úr norðri mæti lóðréttum vatnsleiðara í Reykjhálið, hugsanlega með NNV-læga stefnu, sem leiðir um og yfir 100 °C heitt vatnið upp í lekar, láréttar einingar á u.p.b. 500 m dýpi. Þáan streymir vatnið lárétt til suðurs og vesturs og breiðist út yfir kalda strauminn úr suðri, auk þess að blandast honum að einhverju leyti.
- Auk vatnskerfanna tveggja, sem þannig mætast nánast undir miðju Helgafelli, eru fjölmög óbein rök fyrir köldu vatnskerfi vestast í sprungustykki Krísuvíkur. Eru þá rætur kerfisins sunnan undir Bullaugum. Síðan teygir það sig um Úlfarsfell norður undir Leirvogsá og nær jafnvel að krækja sér inn í Mosfellsdal. Lágur hiti vatnskerfisins bendir til mikils og langvarandi niðurrennslis kalds vatns, jafnvel allt niður á 2 km dýpi. Vatnið hefur væntanlega að lokum leitað upp á yfirborð í heitum laugum.
- Milli kalda vatnskerfisins, sem liggar um Úlfarsfell, og þess heita á Norður- og Suður-Reykjum, virðast þétt skil með NA-læga stefnu sem halda vatnskerfunum aðgreindum, a.m.k. í efstu 1-2 kílómetrunum.
- Jarðhitakerfið á Suður- og Norður-Reykjum er að flatarmáli kringum 10 km² ef miðað er við svæðið þar sem berghiti er yfir 90 °C á 1000 m u.s. Þessa tölu má margfalda ef heita tungan, sem stefnir í norðaustur að Stardal og Fremra-Hálsi, er tekin með. Að sama skapi má gera ráð fyrir að rúmmál 90 °C heita kerfisins sé a.m.k. 10 km³.



Mynd 21: Hugmyndalíkan að streymji heits og kalds vatns í Mosfellshæ.

Skulu nú tínd til rökin fyrir hugmyndalíkaninu.

Lengi hefur verið ríkjandi sú skoðun að Reykjavatnið komi úr tveimur áttum og að annar stofninn komi að norðan og/eða austan en hinn sunnan úr kaldavatnssvæðum Bullaugna og Gvendarbrunna. Þar er helst byggt á niðurstöðum samsætumælinga en einnig á efna-sögu vatnssýna. Sem dæmi er talið að tvívetnisinnihald vatns úr holum á Suður-Reykjum bendi til greiðrar blöndunar við staðbundna úrkому, sérlega í æðum neðan við 1000 m dýpi (Jens Tómasson o.fl., 1975). Þá hafa samsætumælingar vetrnis og súrefnis sýnt að vatn í Helgadal er léttast, miðlungshungt á Norður-Reykjum og í NV-hluta Suður-Reykja en þyngst syðst á Suður-Reykjum. Einig mældist aukið þrívetni í heitu vatn á Suður-Reykjum þegar árið 1967. Það sýnir að vatnið inniheldur úrkому sem féll eftir að vetrnissprengingar hófust í andrúmslofti árið 1952 (Árný E. Sveinbjörnsdóttir, 1988).

